

Eiríkur Þorsteinsson

Gæðaviður úr íslenskum skógi

Við getum minnkað CO₂ í andrúmsloftinu á tvennan hátt, með því að minnka útstreymið og með því að fjarlægja það úr andrúmsloftinu og binda það. Með því að nota timbur gerum við hvorutveggja.

1m³ af timbri í hús minnkar losunina um 1 tonn af CO₂, sem er kolefnið í trénu. Aðrar byggingar aðferðir nota að meðaltali 1 tonn af CO₂. Með því að nota timbur í staðinn fyrir önnur byggingarefni spórum við því 2 tonn af CO₂. Eitt tonn af CO₂ samsvarar útblæstri frá 430 lítrum af bensíni.

Skógar á landinu binda nú um 400 þúsund tonn af CO₂ árlega. Í dag þekja ræktaðir skógar aðeins 0,42 % landsins. Unnið er að því að ræktaðir og náttúrulegir skógar geti þakið um 4 % landsins árið 2040. Trén eru geymsla CO₂ í formi kolefnis. Þess vegna eigum við að nota timbur til að bæta umhverfisgæði okkar.

Skógræktin, Landssamtök skógaireigenda, Landbúnaðarháskóli Íslands, Skógræktarfélag Reykjavíkur og Nýsköpunarmiðstöð Íslands gerðu með sér viljayfirlýsingu um að efla gæðamál í nýtingu á timbri sem kemur úr íslenskum skógum.

Um hundrað ára saga íslenskrar skógræktar hefur sýnt að hægt er að rækta trjátegundir til timburðnaðar með

göðum árangri. Vestraenar þjóðir reiða sig á skóga og timbrið sem úr þeim kemur. Ísland er þar engin undantekning. Mikill innflutningur á timbri er til landsins með tilheyrandi kolefnislosun.

Skógarbændur á um 500 skógræktarjörðum eru með aðild að Landsamtökum skógaireigenda.

Aukaafurðir skógar

Langflestir skógarbændur eru að rækta skóg til timburframleiðslu og má því segja að aukíð skjól, hefning jarðfoks, ríkulegrar beitarmöguleikar, aukin uppskera, jafnari vatnsbóskapar og kolefnisbinding séu dæmi um aukaafurðir skógarins. Með skógrækt má byggja upp atvinnu á landsbyggðinni, allt frá plöntuframleiðslu, gróðursetningu og umhiðu jafnt og þétt fram að lokahöggi.

Úr íslenskum skógum má vinna gæðavið af ýmsu tagi. Auk þess sem kolefnisfótspor íslenskrar timburs er takmarkað er það ekki síðra að gæðum en það innflutta sé rétt að verki staðið við ræktunina. Samhlíða vel hitnum og stækkandi skógum fer skógarmenning á Íslandi einnig vaxandi.

Límré Virmet hefur ákveðið að koma í samstarf við verkefnið og hefja tilraunaframleiðslu á límré úr íslenskum

skógarviði. Mikill hugur er í þáttakendum vegna verkefnisins sem felst í frekari rannsóknum á því hvort hægt sé að rækta sjálfbæra nytjaskóga til timburframleiðslu á Íslandi.

Stjórn verkefnisins skipta Eiríkur Þorsteinsson frá NMI, verkefnisstjóri, Frá Skógræktinni: Björn Bjarnald Jónsson, Ólafur Oddsson og Ólafur Eggertsson, Frá Landssamtökum skógaireigenda: Hlynur Gauti Sigurðsson, Frá Skógrækt Reykjavíkur: Sævar Hreiðarsson.

Fyrir hönd Límrés-Virnets í límrés-verkefninu: Logi Unnarsson Jónsson.



Lerkiwiður sagaður í límrésfáir

